

56 flatar íbúðarinnar, séu húsin byggð fyrir árslok 1944, en 8—9 krónur fyrir hvern 25. maí fermetra í húsum, sem byggð eru 1945 og síðar. Nú er lofthæð íbúðar minni en 2,5 m, og lækkar þá hámark þetta hlutfallslega sem því nemur, er hæðin er minni en 2,5 m. Nú er greidd hærri húsaleiga en ákvæði laga þessara heimila, og skal leigan þá lækkuð samkv. hámarksákvæðunum hér að framan.

6. gr.

Í stað „10—10000 krónum“ í 17. gr. laganna komi: 200—50000 krónum.

7. gr.

Við bráðabirgðaákvæði laganna bætist:

1. Þau ákvæði laga þessara, er snerta leigu á einstökum herbergjum, sem leigð eru út frá íbúðum, falla úr gildi 1. október 1950.
2. Þann 14. maí 1951 falla úr gildi:
 - a. Ákvæði laganna um atvinnuhúsnæði.
 - b. Ákvæði laganna um leiguíbúðir, sem eru í því sama húsi sem húseigandi býr sjálfur í.
3. Önnur ákvæði laganna falla úr gildi 14. maí 1952.

Bæjar- og sveitarstjórnnum er heimilt að ákveða, að þau ákvæði laganna, sem greinir í 2. tölul. b. og 3. tölulíð, skuli gilda áfram fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag.

Nú verða lög in í gildi á einhverjum stöðum eftir 14. maí 1952, og skulu þá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög greiða allan kostnað af framkvæmd laganna frá þeim tíma.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Þórður Eyjólfsson.

Steingrímur Steinþórsson.

57

25. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki vöru:

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 15 millj. króna“ í 2. gr. komi: allt að 46 millj. króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Þórður Eyjólfsson.

Ólafur Thors.